

## 7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.04.2017

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. apríl s.l.  
Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

1. liður fundargerðar; Kísilvegur og nánan Alda, umsókn um framkvæmdaleyfi.

*Sveitarstjórn samþykkir umsókn um framkvæmdaleyfið með þeim skilyrðum að nánari grein verði gerð fyrir frágangi námunnar að efnistöð lokinni og samþykki landeigenda liggja fyrir. Sveitarstjórn felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfið að uppfylltum framangreindum skilyrðum í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

2. liður fundargerðar; Rauðaskriða 1 og 3, breyting á aðal- og deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á deiliskipulagi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að annast gildistöku deiliskipulagstillögunnar eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

## 8. Tilnefning í Barnaverndarnefnd Þingeyinga

Fyrir fundinum liggur beiðni frá Reinhard Reynissyni f.h.

Héraðsnefndar Þingeyinga bs. um tilnefningu í sameiginlega barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaganna. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar er nefndin skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara kjörnum af fulltrúaráði Héraðsnefndar Þingeyinga bs. skv. tilnefningum aðildarsveitarfélaganna. Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur og Tjörneshreppur tilnefna sameiginlega einn fulltrúa og einn til vara.

*Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu að tilnefna Hildi Rós Ragnarsdóttur sem fulltrúa í sameiginlega barnaverndarnefnd Þingeyinga. Ragnar Bjarnason greiddi atkvæði á móti.*

## 9. Niðurfelling krafna

Lagður fram listi yfir 23 tilgreindar kröfur sem sveitarstjóri óskar eftir að verði afskrifaðar og felldar út úr innheimtukerfi sveitarfélagsins vegna fyrningar, samtals 1.578.343 kr. Fært í trúnaðarmálabók.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að afskrifa umræddar kröfur.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40





Kæru lesendur og auglýsendur  
Hlaupastelpan kemur út á **miðvikudögum** og  
auglýsingum þarf því að skila á **mánudögum**  
**fyrir kl. 15:00.** 😊

Verð hálsíðu er kr.3.200.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

***hlaupastelpan@isl.is***  
***8953386***

### **3.Rekstrarleyfi – Hagi 1**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 24. apríl s.l. þar sem Bergljót Hallgrímsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, í Haga 1 í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

### **4.Rekstrarleyfi – Sandhaugar**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 24. apríl s.l. þar sem Erlingur Ingvason sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Sandhaugum í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

### **5.Leigufélag Hvamms ehf.**

Tekið fyrir erindi frá Baldri Daníelssyni f.h. Leigufélags Hvamms ehf. dags. 24. apríl s.l. þar sem óskað er eftir að eigendur leigufélagsins lýsi því yfir skriflega að þeir muni styðja við félagið a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár og þar með leggja grunn að forsendum reikningsskila félagsins sem miðast við áframhaldandi rekstur.

*Sveitarstjórn lýsir því hér með yfir að hún muni styðja við Leigufélag Hvamms ehf. út yfirstandandi rekstrarár 2017.*

### **6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 06.04.2017**

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 6. apríl s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

#### **6. liður fundargerðar; Önnur mál**

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að sveitarfélagið styrki barna og unglíngastarf, 18 ára og yngri, á vegum ungmennafélaganna á svæðinu. Samþykkt að skipulagðar æfingar í íþróttahúsum sveitarfélagsins á vegum ungmennafélaganna verði þeim að kostnaðarlaus.*

*Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.*

**Fundargerð**  
**Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar**  
**27.04.2017**  
**214. fundur**  
**sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar**  
**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 27. apríl 2017 kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Eiður Jónsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

**Dagskrá:**

1. Aðalfundarboð Sparisjóðs Suður-Þingeyinga
2. Rekstrarleyfi – Ljósavatn
3. Rekstrarleyfi – Hagi 1
4. Rekstrarleyfi – Sandhaugar
5. Leigufélag Hvamms ehf.
6. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 06.04.2017
7. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.04.2017
8. Tilnefning í Barnaverndarnefnd Þingeyinga
9. Niðurfelling krafna

**Til kynningar:**

- a. Fundargerð 849. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- b. Fundargerð 294. fundar stjórnar Eyþings
- c. Fundargerðir 189. og 190. fundar HNE

**1. Aðalfundarboð Sparisjóðs Suður-Þingeyinga**

Lagt fram aðalfundarboð Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem haldinn verður þann 2. maí n.k. á Fosshótel Húsavík.

*Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.*

**2. Rekstrarleyfi – Ljósavatn**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 12. apríl s.l. þar sem Kristín María Hreinsdóttir sækir um rekstrarleyfi, flokkur II – gististaður án veitinga, á Ljósavatni í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá skipulags- og byggingarfulltrúa og heilbrigðis- og eldvarnareftirlitinu sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*



## SEIGLA - MIDSTÖÐ SKÖPUNAR

Í maí verður boðið uppá nokkur námskeið í handverksaðstöðunni án endurgjalds. Námskeiðin eru á mánudögum frá kl. 16-18 en þátttakendur geta haldið áfram miðað við opnunartíma.

- ⇒ 8. maí - Grjónahitapúði yfir axlir (ath. þarf að mæta með saumavél)
- ⇒ 15. maí - þæfum innskó
- ⇒ 22. maí - fléttum veski úr kaffipokum
- ⇒ 29. maí - vattarsaumur - forn íslensk saumaaðferð (mæta með nál ef þið eigið)

Opnunartími Seiglu fram að sumarfríi:

Mánudaga 13-22

Þriðjudaga 13-18

Miðvikudaga 10-12

Sumarlokun frá 1. júlí - 31. ágúst.

Anita Karin Guttesen

Verkefnastjóri Seiglu

ALDRAÐIR OG ÖRYRKJAR SAMEINUÐ ERUM VIÐ STERKT AFL.

BERJUMST SAMEIGINLEGA FYRIR RÉTTI OKKAR.

EINN FYRIR ALLA -ALLIR FYRIR EINN.

SVEITAVARGUR.

## Söfnun á baggplastil til endurvinnslu í Þingeyjarsveit og Mývatnssveit.

Söfunin fer framm dagana 10 – 13 maí 2017

Eingöngu verður safnað hreinu baggplastil og bendum við á að henda netum og spottum í gáma merkta undir almennt sorp.

En svona verður safnað :

10 / 5 : Aðaldalur, Reykjadalur, Bárðardalur og gámar á þessu svæði

11/5 : Kinn, Ljósavatnsskarð, Fnjóskadalur og gámar á þessu svæði

12/5 : Mývatnssveit

13/5 : Hreinsað upp ef eitthvað er eftir.

Vinsamlegast látið vita í síma : 414-0200 eða [nordurland@gamar.is](mailto:nordurland@gamar.is)

[Með kveðju](#)

[Gámaþjónusta Norðurlands](#)



## Frá tónlistardeild Stórutjarnaskóla

Vortónleikar nemenda verða haldnir í sal Stórutjarnaskóla föstudaginn 5. maí kl 13:30

Fjölbreytt efnisskrá

Ókeypis aðgangur en kaffisala til styrktar ferðasjóði nemenda  
Kaffi og með því kr 1500- ath. ekki posi  
allir velkomnir

tónlistarkennarar

18. tbl.  
3. maí  
2017  
24. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s: 4643366 / gsm: 8953386



## Harmonikudagurinn



verður haldin hátíðlegur laugardaginn 6. maí.

Harmonikufélag Þingeyinga bíður upp á tónleika á Breiðumýri

í tilefni dagsins og byrja þeir kl. 14.00.

Harmoniknemendur munu

spila ásamt félögum í Harmonikufélaginu og

á tónleikum loknum

mun félagið bjóða öllum veitingar.

Allir velkomnir.



## Fótisnyrting

fyrir eldri borgara, 67 ára og eldri, á

félagssvæði Kvenfélags Aðaldæla verður að

Ydölum fimmtudaginn 18. maí. Snyrtingin kostar 3.000 kr.

fyrir hvern einstakling.

Tímamantanir berist til Þórunnar Sigtr.

í síma 894-3700 eða 464-3700.

Kvenfélag Aðaldæla